

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 26. janúar 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Breytingin felur í sér að lóðirnar Þursaholt 5, 7 og 9 eru sameinaðar í eina lóð með sameiginlegan bílakjallara og eina innkeyrslu í stað þriggja áður. Breytingin felur jafnframt í sér lítilsháttar tilfærslu á byggingarreitum auk ákvæða um djúpgámalausnir innan lóðar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 6. apríl 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 26. apríl 2022